

Vélsm.   
Árna Jóns ehf.

Tryggð við byggð  
www.arnijon.is

Bæjarblaðið

JÖKULL  
SNÆFELLSBÆ

372. tbl - 8. árg.

23. október 2008

 SPARISJÓÐURINN  
Ólafsvík  
Sími: 430 7000 - Fax: 430 7001  
www.spo.is

## Frágangi að ljúka



Á föstudag í síðustu viku var lokið við að ganga frá öllum ytra frágangi á hinu nýja húsi Sjóminjasafnsins á Hellissandi. Hurðir og gluggar eru komnir í húsið og búið að ganga frá þaki, rennum og niðurföllum af þaki. Það voru starfsmenn J. T. Trésmíði s.l.f. sem unnu verkið

en framkvæmdastjóri þess fyrirtækis er Jón Tryggvason trésmiður.

Á myndinni eru þeir Jón Tryggvason t.h. og Gísli Bjarnason samstarfsmaður Jóns að ganga frá vindskeiðinni á suðurgafli hússins og ljúka þar með ytra frágangi þess.

## Hús vikur fyrir dvalarheimili



Segja má að framkvæmdir við stækkun Jaðars hafi byrjað fyrir mánuði síðan þegar fyrsta skóflustungan að stækkun var tekin. Nú eru jarðvegsframkvæmdir

komnar á fullt skrið og í byrjun vikunnar var þetta hús rífið þar sem að það stóð á væntanlegri lóð dvalarheimilisins.

 **KÆLIVER** ehf  
S:530-3100

  
FASTEIGNASALA  
SNÆFELLSNESS

### HÚS TIL SÖLU

Hafnargata 22



543 fm. steinsteypt iðnaðarhúsnæði byggt 1986. Húsið skiptist í forstofu, kaffistofu, klósett, lyftarageymslu, stakkageymslu, stóran vinnslusal og kæli sem ekki er fullfrágenginn. Steypt plan fyrir framan húsið. Húsinu má auðveldlega skipta í minni einingar og kemur til greina að selja það í hlutum.

Óskað er eftir tilboðum í eignina.

Sjá myndir og nánari upplýsingar um eignirnar og aðrar eignir á skrá á heimasíðu fasteignasölnunar: [fasteignsnae.is](http://fasteignsnae.is)

Á Fasteignasölu Snæfellsness eru öll störf unnin af löggiltum fasteignasala sem tryggir öryggi í viðskiptum.

Fasteigna- og skipasala Snæfellsness  
Pétur Kristinsson, hdl. löggiltur fasteigna- og skipasali.  
Sími 438-1199, netfang [pk@simnet.is](mailto:pk@simnet.is)  
Heimasíða: [fasteignsnae.is](http://fasteignsnae.is)

INGJALDSHÓLSKIRKJA

## sunnudagaskóli

nk. sunnudag kl. 11.

Allir velkomnir

Sóknarprestur



# Frábært æskulýðsmót

Æskulýðssamband Þjóðkirkjunnar - ÆSKP - hélt um sl. helgi landmót æskulýðsfélaga hér í Ólafsvík. Á mótið mættu 350 manns; unglingar, æskulýðsleiðtogar og prestar. Gist var í grunnskólanum, íþróttahúsinu, sundlauginni, leikskólanum og Mettubúð. Kvenfélag Ólafsvíkur sá um alla matseld og var gerður góður rómur að öllum frambornum veitingum. Matmálstímar, kvöldvökur, fræðslustund og dansleikur fóru fram í félagsheimilnu Klifi en hópastarfar fóru vítt og breitt um Snæfellsbæ og Snæfellsnes. Hóparnir voru 16 talsins m.a. action-

hópur á Gufuskálum, siglingahópur á Rífi sem sigldi með Þjórgunarskipinu Þjórg, klausturhópur sem fór í klaustrið í Stykkishólmi, Ice-stepp hópur, kvikmynda hópur, sönghópur, pressuhópur, bókunarhópur, hljómsveitarhópur, vinnuhópur um Kirkjuþing unga fólksins. Æskulýðsmessa í Ólafsvíkirkirkju á sunddagsmorgninum markaði síðan mótslok. Það var góð stund og þétt skipaður bekkurinn, setið á gangi og í kórtröppum og staðið í fordyri. Skipuleggjendur og þátttakendur voru sammála um að mótið hafi gengið í stórum



dráttum vel og voru gestirnir afar ánægðir í mótslok með móttökur og viðurgjörning hér í samfélaginu. ÆSKP þakkar öllum þeim aðilum, félögum, fyrirtækjum og stofnunum sem að mótinu

komu fyrir frábærar móttökur, stuðning, greiðvikni og fyrirgreiðslu.

F.h. landsmótsnefndar ÆSKP  
Magnús Magnússon

## Þakkir frá Kvenfélagi Ólafsvíkur



Um síðustu helgi eða dagana 17. - 19. okt. var landsmót æskulýðsfélaga haldið hér í Ólafsvík. Þátttakendur mótsins, ungmenni á aldrinum 14 -16 ára og leiðtogar þeirra, voru u.þ.b. 350 talsins. Kvenfélag Ólafsvíkur fékk það hlutverk að sjá um matinn fyrir mótsgesti. Það er ljóst að mikið magn af matvöru þarf að vera til

staðar til að metta allan þennan fólksfjölda. Þess vegna vill Kvenfélag Ólafsvíkur koma á framfæri þökkum til allra þeirra fyrirtækja sem gerðu því kleift að taka þetta verkefni að sér. Síðast en ekki síst er kvenfélagskonunum þökk-uð öll sú vinna sem þær lögðu á sig vegna þessa. Mótsgestum þökkum við fyrir samveruna, ungmennunum fyrir kurteisi og góða framkomu. Verið velkomin aftur til okkar!

„Matur er mannsins megin“

Kveðja  
Fjáröflunarnefnd og  
stjórn Kvenfélags Ólafsvíkur



Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.  
löggtur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

## Ungbarnasund



Þessi duglegu börn hafa tekið þátt í ungbarnasundnámskeiði í Sundlaug Ólafsvíkur síðustu 6 vikurnar. Þau hafa spriklað, kafað og lært hinar ýmsu listir sem eflaust koma til með að nýtast þeim í framtíðinni. Það sem ungbarnasund stuðlar m.a. að er að auka hreyfifroska og styrk, kennir barninu að takast á við ögrandi um-

hverfi sem hefur ögrandi áhrif á flest skyngfæri þess og að skapa umhverfi þar sem foreldrar og barn geta aukið og styrkt tengslamyndun. Vill ég þakka foreldrum, börnum og starfsfólki sundlaugarinnar fyrir samveruna þessa laugardaga.

Kveðja Brynja Mjöll

Bæjarblaðið



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og dreift á hvert heimili í Snæfellsbæ. Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 800

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is  
Sími: 436 1617

# Getraunir

Þriðja umferð í Snæfellsbæjarmótinu fór sem hér segir.

Gunnar Bjarnason 8. Deloitte 8. VK lagfir 4. Fiskv Björg 7. Vinir Togga 9. Bylgjankv 9. Ferskur 9. Saxhamar 7. Steinprent 7. Bylgjankk 8. Hobbitinn 8. Dísurnar 7.

Í fjórðu umferð mætast. 1. Deloitte- Hobbitinn 2. Bylgjankv-Ferskur 3. Bylgjankk-Gunnar Bjarnason. 4.VK lagfir-Vinir Togga. 5. Saxhamar-Steinprent 6. Fiskv Björg-Dísurnar.

Staðan eftir þrjár umferðir:

Lið	L	U	J	T	Skor	Net	Stig
Hobbitinn	3	3	0	0	25-20	+6	6
Ferskur	3	2	1	0	28-24	+4	5
Fiskv. Björg	3	2	0	1	22-18	+4	4
Dísurnar	3	2	0	1	26-24	+2	4
Bylgjan kk	3	2	0	1	25-25	0	4
Vinir Togga	3	1	1	1	28-28	0	3
Bylgjan kvk	3	1	1	1	24-25	-1	3
Steinprent	3	1	0	2	26-27	-1	2
Deloitte	3	0	2	1	28-29	-1	2
Saxhamar	3	1	0	2	26-28	-2	2
Gunnar Bjarnas	3	0	1	2	29-25	-4	1
VK lagfir	3	0	0	3	29-25	-6	0

Enski Boltin í beinni. Opnum kl.10.30 á laugardag, verið dugleg að mæta og munið félahagsnúmerið 355.

Heitt Kaffi á könnunni. Áfram Víkingur. Stjáni Tótu.

## Smáauglýsingar

### Til leigu

108 fermetra íbúð til leigu, 3 svefnherbergi, stofa, klósett og gott eldhús með búi. leiga + rafmagn= 75 þús á mán. Upplýsingar í síma 8996882 - Sara

### Wynajme mieszkanie

3 pokoje, salon, kuchnia. 108 m2. 75000 ze swiatteni wiadomosci pod numerem 8996882 sara



SNÆFELLSBÆR  
...þar sem Jökullinn ber við loft...

## Auglýsing

um óverulega breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar auglýsir hér með tillögu að óverulegri breytingu á aðalskipulagi Snæfellsbæjar, Jökulhálsvegur, í samræmi við 2 mgr. 25. gr. Skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Fyrirhugað er að leggja vegslóð frá Jökulhálsvegi að Snæfellsjökli. Vegslóðin verður þannig gerð, að meðfram henni verða fáein bifreiðastæði sem verða nýtt eftir því hve langt er liðið á árvissa bráðnun jökulsins. Vegslóðin er ætlaður til að þjóna fólki sem vill komast að jökulrótum og verður tengd gönguleiðum til vesturs að fallegum útsýnisstað og gönguleið upp á jökulinn. Við lagningu viðbótarslóðar verður eingöngu notað efni úr jökulruðningum og verður framkvæmdin því staðbundin og hefur engin umhverfisáhrif í för með sér utan framkvæmdarsvæðisins. Framkvæmdin er afturkræf, því ef ákveðið verður að hætta að halda vegstæði við, mun það hverfa í jökulruðninga á fáeinum árum. Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillagan verður til sýnis á bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2, virka daga frá kl. 9:00 - 12:00 og 13:00 - 15:30 frá og með 23. október til 13. nóvember 2008. Einnig má sjá tillöguna á heimasíðu Snæfellsbæjar, www.snb.is . Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum er til 13. nóvember 2008. Athugasemdir ef einhverjar eru skulu vera skriflegar og berast bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar, Snæfellsási 2. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir innan tilskilins frests, telst samþykkja tillöguna.

Skipulags- og byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar.

## FJÖLSKYLDUKVÖLD

### Félagsvist

Mánudagskvöldið 27. október verður félagsvist í Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík.

Þáttökugjald er 500,- kr . á mann

Vegleg verðlaun.

Sjoppa á staðnum.

Ferðasjóður 10 bekkjar.





# Skemmtileg Vísindavaka

Vísindavaka var haldin í Fjölbrotaskóla Snæfellinga í Grundarfirði síðastliðinn laugardag. Þar kynntu starfsemi sína aðilar sem mynda klasann W23 ásamt útibúi Hafrannsóknastofnunarinnar í Ólafsvík.

Framtakið mæltist gríðarlega vel fyrir og mættu a.m.k. 150 manns til að skoða ýmis kvikindi, lifandi og dauð, auk þess sem starfsmenn útskýrðu vinnu sína og ýmis tól og tæki sem einnig voru til sýnis. Sérstaka athygli vakti hversu vel yngri kynslóðin skemmti sér.

Aðilar W23 klasans (Náttúrustofa Vesturlands, Há-

skólasetur Snæfellsness, Vör - sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull) þakka Snæfellingum frábærar viðtökur og vænta áframhaldandi góðs samstarfs við íbúana.

Fjölmargir gesta á Vísindavöku tóku þátt í getraun. Í vinning voru tvö gjafabréf fyrir tvo í siglingu frá Stykkishólmi með Sæferðum. Í getrauninni var spurt um eftirfarandi:

1. Hvaða stofnanir standa að W23?

Svar: Háskólasetur Snæfellsness, Náttúrustofa Vest-

urlands, Vör-Sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð og Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull.

2. Hvar er stærsta krúvarpið á Snæfellsnesi?

Svar: Við Rif.

3. Hvaða landspendýr lifði á Íslandi þegar maðurinn nam hér land?

Svar: Tófa.

4. Hvað er Snæfellsjökull hár?

Svar: 1.446 metrar.

5. Getur hitastig sjávar farið undir frostmark án þess að hann frjósi?

Svar: Já.

Tveir vinningshafar voru dregnir úr hópi þeirra sem svörðuðu spurningunum rétt.

Kristín Olsen, Munaðarhól 6, 360 Hellissandi

Lena Örvarsdóttir, Holtabrún 6, 355 Ólafsvík

Meðfylgjandi eru myndir frá Vísindavökunni.

## Ólafsvíkurkirkja



# Sunnudagaskóli

nk. sunnudag kl. 11.

# Gospelmessa

nk. sunnudag kl. 20. (ath. breyttan messutíma)

Allir velkomnir

Sóknarprestu



## Bifreiðaverkstæði Ægis

Þarf að yfirfara bílinn gera við hann eða bara smyrja?

Logar viðvörðunarljós í mælaborði?

Komdu þá til okkar og við gerum það sem þarf.

- Allar almennar bílaviðgerðir

- Getum lesið út úr tölvukerfum flestra bíltegunda

- Erum með þjónustu fyrir flest umboð og flestar gerðir bíla.

Bifreiðaverkstæði Ægis Hafnargötu 12, Rífi, Snæfellsbæ

Opnunartími: 8-12 og 13-17 Símar: 436-6677 og 867-4188 Netfang: bifreid@mi.is

## Þín verslun

Nýtt kjöttíloð hefst á fimmtudögum. Gildir í viku eða á meðan birgðir endast.

Fjöldi annara tilboða sem gilda í 14 daga eða á meðan birgðir endast.



Verzlunin Kassinn ehf.

Norðurtanga 1 355 Ólafsvík. Sími 436-1376 fax 436-1346  
meil. kassinn@thinverslun.is



# Haustfagnaður umf. Reynis



Haustfagnaður umf. Reynis Hellissandi verður haldinn 1. nóvember n.k. Þetta er fjáröflun þar sem boðið verður upp á mat, skemmtun og dansleik. Ungmennafélagið Reynir er rekið af æfingagjöldum og fjáröflunum sem félagið stendur fyrir.

Rekstur félagsins er dýr og duga æfingagjöld langt í frá að borga þjálfurum laun. Þurfum við að hafa okkur öll við til að safna þeim miklu peningum sem fer í að reka félagið.

Okkar aðaltekjulind er annað hvert ár þar sem félagið fær ágóðann af dansleik á Sandaragleðinni og er líka með ýmiskonar varning til sölu þá helgi sem Sandaragleðin stendur yfir. Ákveðið var, vegna mjög mikils framboðs á skemmtunum í vor að hætta við Góugleðina og hafa þess í stað haustfagnað þar sem lítið sem ekkert er að gerast á haustin í skemmtunum.

1. nóvember ætlar félagið að halda margumtalaðann Haustfagnað í Röst Hellissandi þar sem boðið verður upp á fordrykk, mat, Abba sýningu og dansleik á eftir. Verð á þessa skemmtun verður aðeins 5000 kr.

Margir munu koma að þessari skemmtun, hljómsveit, söngvarar, matreiðslufólk, fólk sem sér um skreytingar í húsinu og allir þeir sem aldrei sjást en gera samt svo mikið fyrir svona skemmtun. Vonumst við til að sem flestir sjái sér fært um að koma, skemmta sér og um leið styrkja gott málefni. Um leið og við þökkum þeim sem koma á skemmtunina fyrir styrkinn viljum við þakka þeim sem hafa styrkt okkur í gegnum árin

með kaupum á þeim varningi sem við höfum selt og vonumst til að fólk taki vel á móti okkur í framtíðinni þegar við erum að safna peningum fyrir börnin okkar. Félagið leitar alltaf að hugmyndum að fjáröflunum og eru allar ábendingar vel þegnar.

Fólk sem er tilbúið að vinna fyrir félagið og um leið börnin okkar er velkommið að tala við okkur um aðkomu þess að félaginu.

Með von um að sjá sem flesta 1. nóvember n.k. í Röst Hellissandi.

Fyrir hönd umf. Reynis.

Loftur V. Bjarnason  
Sigurbjörg Kristinsdóttir



## Fiskiðjan Bylgja hf

Sími: 436 1291 · www.bylgja.is · Netf. bylgja@bylgja.is

## Hæfileikaríkir unglingar

Miðvikudaginn 29. október verður haldin undankeppni í Stíl og söngkeppni Samfés hér í Snæfellsbæ. Nokkur lið hafa skráð sig til keppni en bara eitt lið má fara í hvora keppni fyrir sig, því höfum við ákveðið að halda undankeppni hér í bæ. Stíll er keppni þar sem keppt er í hárgreiðslu, förðun og fatahönnun. Þema er fyrir hvert ár og er þema keppninnar í ár Framtíðin og eiga liðin að

vinna út frá því. Aðalkeppnin verður haldin laugardaginn 22. nóvember í Íþróttahúsinu Smáranum. Söngkeppnin er undankeppni fyrir Vesturlandskeppnina sem verður haldin þann 19. nóvember á Akranesi. Fjölmennum í Félagsheimilið Klif 29. október og njótum þess að sjá hvað unglíngarnir okkar eru að gera flotta hluti.

Kveðja  
Eydís, Kristgeir og Sigrún.

## Blaðinu barst þetta ljóð sem á vel við þessa dagana.

Gulli og perlum að safna sér,  
sumir endalaust reyna,  
vita ekki að vináttan er,  
verðmætust eðalsteina.

Gull á ég ekki að gefa þér  
og gimsteina ekki neina.  
En viltu muna að vináttan er  
verðmætust eðalsteina.

Höf: Hjálmar Freysteinsson, læknir og hagröingur.



## STEINPRENT

Sandholt 22, Ólafsvík steinprent@simnet.is  
S: 436 1617 · Fax: 436 1610

## VIRKIÐ Byggingavörur

Opið virka daga 9-12 og 13-18



## HOBBITINN

Ólafsbraut 19 · Ólafsvík · © 436 1362

**HAMBORGARATILBOÐ**  
fyrir einstaklinga og fjölskyldur

# Haustragnaður

Umf. Reynis verður laugardaginn 1.nóv. 2008 í félagsheimilinu Röst.

Húsið opnar með fordrykk kl:20

Veislustjóri verður hin frábæra Gunnhildur Hafsteinsdóttir

Kynnir verður hin eina sanna Sólveig Bláfeld

Hinar glæsilegu konur hjá Lionsklúbbum Þernan sjá um að framreiða dýrindis mat...



## Abba- sýning

Þar sem bestu lög Abba verða flutt af hljómsveit og söngvurum úr Snæfellsbæ...

Dansleikur þar sem hljómsveit hússins mun spila fram á rauða nótt...

Miðasala verður sunnudaginn 26. okt 2008 kl:17

Miðaverð kr: 5000

Hvetjum alla til að mæta á stórkostlega sýningu...

**Stjórn Umf.Reynis**

Loftur s: 893-4009 - Sibba s:663-0560



## Undankeppni Stíll 2008 og Söngkeppni Samfés

Haldin í Félagsheimilinu Klifi  
miðvikudaginn 29. október nk. kl. 20:00.

Sex manna dómnefnd mun velja  
okkar fulltrúa í landskeppnina.

Kynnir er Skjöldur Eyfjörð

Komið og sjáið hæfileikaríka unglinga  
í Snæfellsbæ.

Verð kr 500 fyrir 16 ára og eldri.

Allur ágóði rennur til kaupa  
á heimabíói fyrir Félagsmiðstöðina Afdrep



## Til sölu

2 lyftarar, annar er diesel en hinn rafmagns.

Uppl. í síma 899 5613 & 899 5624



## SUNDLAUGIN Í ÓLAFSVÍK

Fimmtudaginn 30. október verður  
sundlaugin lokuð vegna hreinsunar.

Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi  
Snæfellsbæjar